



## 80. fundur

80. fundur Heklnnar, atvinnupróunarfélags Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjaness haldinn í fjarfundarhugbúnaðinum TEAMS, 2. október 2020 kl. 8:30.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Ásta Elefsen, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Guðjón Skúlason, Pálmi Freyr Randversson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Dagný Gísladóttir.

### Dagskrá:

- Nýsköpunarakademía Ferðaþjónustunnar**  
*Þuríður H. Aradóttir Braun framkvæmdastjóri Markaðsstofu Reykjaness sagði frá stofnun Nýsköpunarakademiú ferðaþjónustunnar í samstarfi við Keili og Ferðaþjónustuklasans. Verkefnið verður unnið í tengslum við fræðslu í ferðaþjónustu og geta þátttakendur nýtt sér aðstöðu í Eldey frumkvöðlasetri.*
- Ratsjái**  
*Þuríður H. Aradóttir Braun sagði frá Ratsjái sem er nýsköpunar- og þróunarverkefni Íslenska ferðaklasans og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Verkefnið fer af stað á næstunni og verður unnið í tengslum við Nýsköpunarakademiú ferðaþjónustunnar.*
- Atvinnustefna fyrir Suðurnes**  
*Berglind Kristinsdóttir sagði frá stöðu verkefnisins en ákveðið var að semja við ráðgjafafyrirtækið Alta við gerð atvinnustefnu fyrir Suðurnes en það hefur þegar unnið sambærilega vinnu fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar og nýtist þar þekking.*
- Atvinnuleysistöður**  
*Atvinnuleitendur í október voru 22% í Reykjanesbæ þar sem þeir eru flestir, fæstir eru þeir í Grindavík eða 11,6%. Gert er ráð fyrir að fjöldinn fari upp í 25% í Reykjanesbæ í desember en þá verði atvinnuleitendur í Grindavík 13,2%.*  
  
*Ljóst er að staðan er svört og horfur í atvinnumálum afar slæmar. Brýnt er að við henni verði brugðist og neyðaraðstoð komi til landshlutans. Fundarmenn ræddu mikilvægi þess að verkefni fari af stað á Suðurnesjum t.d. Skipaklasinn, framkvæmdir á vegnum Isavia og LHG.*
- Önnur mál**  
Ekki voru önnur mál á dagskrá.

*Fleira ekki gert og fundi slitið 9:30*